

**Ed.**

**134. Breytingartillögur**

**[41. mál]**

við frv. til l. um Bjargráðasjóð Íslands.

Frá Ásgeiri Bjarnasyni og Birni Fr. Björnssyni.

1. Við 12. gr. Greinin orðist svo:

Úr afurðatjónadeild er skylt að greiða bætur eða veita lán:

- a. Ef heyfengur bónda af völdum kals, ópurrika eða af öðrum sambærilegum ástæðum verður 20% eða meira undir meðallagi þriggja undanfarinna ára, miðað við heyfeng af hektara ræktaðs lands, skal veita lán eða bætur eða hvort tveggja. Upphæð bóta eða lána miðast við meðalgangverð á heyi árinu fyrir. Bjargráðastjórn metur, hvort veita skuli lán eða greiða bætur.
- b. Bætur skal greiða vegna afurðatjóns af nautgripum og sauðfé af völdum sjúkdóma, svo sem lambaláts, veiruskitu í kúm og sölubanns afurða vegna sóttvarnaráðstafana. Bótafjárhæð skal miðuð við, að sá, sem fyrir afurðatjóni verður, fái að fullu bætt það tjón, sem verður fram yfir 8% af ársafurðum bóndans árið á undan, miðað við sama gripafjölda, enda leggi hann fram óyggjandi sannanir um magn búsafurða það ár. Ella verði miðað við meðalafurðir af grip í þeirri sýslu, er tjón varð í.
- c. Bæta skal tjón vegna dauða nautgripa og sauðfjár af völdum sjúkdóma eða eitrunar, ef tjónið hefur numið 12% eða meira af bústofni, enda hafi ekki verið váttryggt fyrir tjóninu, eða það bætt samkv. öðrum lögum. Upphæð bóta skal vera skattmatsverð. Heimilt er Bjargráðastjórn að veita lán, þótt tjón nemi minna en 12%, ef sérstakar ástæður eru fyrir hendi að mati sjóðsstjórnarinnar. Bótageiðslur skv. b- og c-lið skulu miðast við hvora búgrein fyrir sig, nautgripi og sauðfé.

2. Við 15. gr. Greinin orðist svo:

Nú hrekkur fé sameignardeildar ekki til þess að veita þá aðstoð, sem nauðsyn krefur, samkvæmt 11. gr. a—b, og er þá ríkisstjórn heimilt að ábyrgjast nauðsynleg lán fyrir deildina eða veita henni lán úr ríkissjóði. Sama gildir um afurðatjónadeild, ef hana brestur fé til að greiða bætur eða veita lán skv. 12. gr. a—c. Slík lán mega þó ekki á einu ári nema hærri upphæð en svarar eins árs tekjum deildarinnar. Geti afurðatjónadeild ekki, þótt hún fái slíkt lán, innt af höndum skyldur sínar, ber ríkissjóði að leggja til það, er á vantar.

3. Við 16. gr. Á eftir orðunum „rekstur sjóðsins“ bætist: og um skipun trúnaðarmanna sjóðsstjórnar í öllum sýslum landsins.